

Fimmtudaginn 15. nóvember 1984.

Nr. 214/1984. Afl h/f

gegn

Valverki s/f

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Gísli Kjartansson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Með ódagsettri kæru, sem barst fógeta 13. september sl., kærði sóknaraðili úrskurð, uppkveðinn í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. ágúst sl.

Kærumálið barst Hæstarétti 2. þ.m.

Sóknaraðili, sem sjálfur krafðist þess, að fram færi innsetningargerð sú, er fógeti synjaði með hinum kærða úrskurði, gerir þær dómkröfur í kærumáli þessu, að innsetningarbeiðni hans „verði vís- að frá fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.“

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfur sóknaraðilja verði ekki teknar til greina. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Hinn 9. ágúst 1984 beiddist sóknaraðili, Afl h/f, þess af sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að jarðýta af Caterpillargerð, sem nánar var lýst í beiðninni, eign sóknaraðilja, yrði tekin úr umráðum gerðarpola, Valverks s/f, og fengin sér í hendur með beinni fógetagerð. Einnig krafðist sóknaraðili málskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja var því mótmælt, að gerðin næði fram að ganga. Hann krafðist og málskostnaðar.

Með úrskurði sínum 16. ágúst 1984 synjaði fógeti, að hin umbeðna innsetningargerð næði fram að ganga. Var sá úrskurður án forsendna, enda gerðu aðiljar ekki kröfu um, að forsendur fylgdu ályktarorði, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Kærugögnum fylgir bréf fógetafulltrúa þess, er kvað upp úrskurðinn, um, að hann hafi tilkynnt umboðsmanni sóknaraðilja um

uppkvaðningu úrskurðarins og efni hans símleiðis, þegar hinn 17. ágúst. Í kæru sinni til Hæstaréttar staðhæfir umboðsmaðurinn, Steingrímur Þórmóðsson héraðsdómslögmaður, hins vegar, að hann hafi ekki verið kvaddur til að vera við uppsögu úrskurðarins og hafi hann ekki fengið vitneskju um efni hans fyrr en 3. september 1984. En hvað sem framangreindu líður, ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti þegar af þeirri ástæðu, að það verður ekki borið undir Hæstarétt með kæru, sbr. a lið 3. tl. 21. greinar laga nr. 75/1973.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 4.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Kæra máls þessa var að ófyrirsynju og vítaverð.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Afl h/f, greiði varnaraðilja Valverki s/f, 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. nóvember 1984.

Nr. 238/1982. **Guðbjörg Egilsdóttir**

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Fasteignagjöld. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Línal prófessor.